

Menntun og farsæld barna í skóla- og frístundastarfi Smiðjur

Smiðjur A – kl. 13:30 – 14:20	Smiðjur B – kl. 14:30 – 15:20
<p>Er sími nauðsynlegt námsgagn? H-203</p>	<p>Hvað er í matinn? Umhverfi og hollusta máltíða H-203</p>
<p><i>Umsjón: Skúli Bragi Geirdal verkefnastjóri hjá Fjölmíðlanefnd</i></p> <p>Í þessari smiðju lítum við á kosti og galla þess að vera með síma í skólastarfi. Skúli Bragi Geirdal verkefnastjóri miðlalæsis hjá Fjölmíðlanefnd fer hér yfir niðurstöður úr rannsóknum nefndarinnar í samstarfi við Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. Ásamt því að líta á gögn byggir erindið á reynslu af fræðslustarfi í skólum m.a. á vegum Netumferðarskólans sem unnin var í samstarfi við Persónuvernd sem hluti af Netöryggisáætlun stjórnvalda. Nú þegar hafa um 2.500 börn tekið þátt í fræðslunni en þar fengu þau einni tækifæri til að koma sinni skoðun á framfæri. Smiðjan mun því byggja á rannsóknargögnum, reynslusögum og umræðum í lokinn.</p>	<p><i>Umsjón: Jóhanna E. Torfadóttir og Hólmfríður Þorgeirsdóttir verkefnastjórar næringar hjá embætti landlæknis</i></p> <p>Fjallað verður um matarumhverfi í tengslum við skólamáltíðir. Einnig verður farið í ráðleggingar um mataræði og viðmiðum fyrir hádegismat verða sérstaklega gerð skil, byggt á Handbók fyrir grunnskólamötuneyti. Sömuleiðis verður farið í ráðleggingar um skólanesti og síðdegishressingu í grunnskólum og niðurstöður könnunar um mataráskrift og ástæður þess að börnin eru ekki í áskrift kynntar.</p>
<p>Forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni í grunnskólum H-204</p>	<p>Kynfræðsla fyrir börn á öllum aldri H-204</p>
<p><i>Umsjón: Jenný Ingudóttir verkefnastjóri ofbeldisforvarna hjá embætti landlæknis og Alfa Dröfn Jóhannsdóttir forvarnarfulltrúi hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga</i></p> <p>Stutt innlegg um mikilvægi þess að horfa heildrænt á forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi í grunnskólum. Unnið er út frá gátlista Heilsueflandi grunnskóla um öryggi og Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025. Þá verður einnig fjallað um námsefni á þessu sviði á sérstökum vef Menntamálastofnunar auk netnámskeiðs sem aðgengilegt er á heimasíðu barna og fjölskyldustofu.</p>	<p><i>Umsjón: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur</i></p> <p>Á þessari vinnustofu verður kynning á því hvað alhliða kynfræðsla felur í sér og hvernig hægt er að skipuleggja markvissa kynfræðslu í gegnum alla skólagönguna. Rætt verður um áhrif dægurmenningar og kláms á kynheilbrigði ungs fólks og viðhorf þeirra til kynlífs og samskipta. Kynntar verða kennsluhugmyndir og leiðir til að gera kynfræðslu fjölbreytta, skemmtilega og árangursríka.</p>

<p>Geðrækt Val á námsefni í félags- og tilfinningafærni H-205</p>	<p>Hreyfing og skólastarf H-205</p>
<p><i>Umsjón: Álfheiður Guðmundsdóttir og Sólrún Ósk Lárusdóttir verkefnastjórar geðræktar hjá embætti landlæknis</i></p> <p>Farið verður yfir það námsefni í félags- og tilfinningafærni sem hefur verið árangursprófað. Bæði námsefni sem er til og það sem er væntanlegt. Rætt verður um hvað þarf að hafa í huga þegar námsefni er valið og mikilvægi þess að til sé áætlun í skólanum þar sem námsefni og markmið fyrir hvern árgang eru skráð.</p>	<p><i>Umsjón: Hildur Guðný Ásgeirsdóttir verkefnastjóri hreyfingar hjá embætti landlæknis og Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri fræðslu- og almenningsíþróttasviðs ÍSÍ</i></p> <p>Nýjar hreyfiráðleggingar koma út fljótlega. Farið verður yfir helstu breytingar sem eru í vændum. Kynnt verða þau verkefni sem eru á vegum ÍSÍ í samstarfi við fjölda samstarfsaðila sem skólar geta tekið þátt í. Umræður þar sem skipst verður á hugmyndum af útfærslum á þessum verkefnum og öðrum hreyfiverkefnum sem skólar eru að vinna með.</p>
<p>Evrópuverkefni – SHE4AHA H-208</p>	<p>Verkefnin: Heilsueflandi bekkur og Forvarnardagurinn H-208</p>
<p><i>Umsjón: María Helen Eiðsdóttir og Gísli Sigurðsson Fossvogskóla og Björg Kristín Ragnarsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir Hraunvallaskóla</i></p> <p>Fossvogsskóli og Hraunvallaskóli taka þátt sem tilraunaskólar í Erasmus+ verkefni sem stýrt er af embætti landlæknis með áherslum Heilsueflandi grunnskóla. Fulltrúar frá skólunum munu kynna þau verkefni sem unnið er með í skólunum.</p> <p>Fossvogsskóli hefur m.a. verið að vinna með að auka tengslamyndun. Nálgunin hefur verið með breyttu skipulagi á frímínútum og áherslu á hollt nesti með meiri tengingu við heimilin.</p> <p>Hraunvallaskóli hefur verið að vinna með vaxtarhugarfar þar sem allt starfsfólk hefur markvisst verið að læra og tileinka sér þau fræði undir handleiðslu fagaðila.</p>	<p><i>Umsjón: Ingibjörg Guðmundsdóttir verkefnastjóri hjá embætti landlæknis</i></p> <p>Forvarnardagurinn er haldinn í byrjun október ár hvert þar sem þátttökuskólar fá verkefni fyrir 9. bekk frá EL til að vinna með.</p> <p>Heilsueflandi bekkur er nýtt verkefni sem verður tilraunakeyrt á vorönn 2024. Verkefnið er fyrir 7., 8. og 9. bekk. Þetta verkefni verður byggt á eldra verkefni sem hét Tóbakslaus bekkur. Verkefnið verður með jákvæða nálgun þar sem lögð er áhersla á hollara val og vellíðan fyrir alla. Umfjöllunin um verkefnin verður einnig tengd við gátlista Heilsueflandi grunnskóla og vonandi skapast umræður um verkefnin og skipulag lífsleikni í takt við gátlista Heilsueflandi grunnskóla.</p>
<p>ASPIRE is an acronym for Agency, Safety, Positivity, Inclusion, Respect and Equity. These are the principles underpinning positive education. What do they mean and why do they matter? K-208 – kl. 13:30 – 15:30</p>	
<p><i>Umsjón: Dr. Sue Roffey, Director Growing Great Schools Worldwide</i></p> <p>Smiðjan fer fram á ensku og er tvær klst. og byggir á bókum Sue um ASPIRE.</p> <p>ASPIRE TO WELLBEING AND LEARNING FOR ALL: The principles underpinning positive education. We need an education system fit for purpose for the 21st Century where all pupils thrive and make progress in learning and where wellbeing for everyone is at the heart of a school. Imagine what difference it would make when every child and young person wants to come to school, feels they matter when they are there and develops confidence, resilience, love of learning, a positive sense of self and healthy relationships? The evidence based ASPIRE principles of agency, safety, positivity, inclusion, respect and equity in practice can make that happen.</p>	